



# Jafnréttisáætlun Sýnar 2021-2023

Jafnrétti er liður í starfsmannastefnu Sýnar og er áhersla lögð á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta skv. ákvæði laga nr. 86/2018. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni er ekki liðin. Starfsfólki af öllum kynjum er gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Sýn hefur markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Áætlunin á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af öllum kynjum og að allir fái notið sín. Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisáætlun og jafnréttislög og er óheimil.

Innan Sýnar starfar jafnréttisráð, skipað kvenfólki og karlmönnum. Jafnréttisráð gegnir því hlutverki að fylgja eftir jafnréttismarkmiðum fyrirtækisins. Nefndin hefur unnið aðgerðaáætlun sem er hluti af jafnréttisáætlun og ber forstjóri Sýnar ábyrgð á framkvæmd hennar. Aðgerðaáætlun jafnréttismála verður endurskoðuð í apríl 2023.

## Aðgerðaáætlun jafnréttismála 2021 - 2023

### 1. LAUNAJAFNRÉTTI - 6. GR. JAFNRÉTTISLAGA

Við ákvörðun launa og fríðinda er þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis eða annarra þátta. Starfsfólk er metið til launa út frá ábyrgð í starfi. Konur og karlar og starfsfólk með hlutlausu skráningu kyns fá jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Komi fram óútskýrður launamunur kynja skal leitast við að leiðrétta hann. Ef launamunur mælist undir 1% eru launin álitin jöfn.

#### MARKMIÐ

Tryggja að konur, karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns fái greidd jöfn laun og njóti jafnra kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

#### AÐGERÐ

Stefna í jafnlaunamálum aðgengileg öllu starfsfólki. Jafnlaunavottun IST:85.

#### ÁBYRGÐ

Mannauðsstjóri.

#### TÍMARAMMI

Aðgengileg á vef félagsins. Árlega.



## 2. LAUS STÖRF, STARFSÞJÁLFUN, ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN - 12. GR. JAFNRÉTTISLAGA



Farið er eftir skýru ráðningarferli og þannig tryggt að allir umsækjendur séu metnir með sama hætti. Starfsfólk Sýnar er ráðið á faglegum forsendum og ráðningar grundvallaðar á vel skilgreindum hæfniskröfum. Starf sem er laust til umsóknar er opið öllum kynjum.

Öll störf innan fyrirtækisins eru til jafns ætluð konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns. Leitast er við að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópi Sýnar. Í þeim deildum sem kynjahlutfall er ójafnt skal leitast við að leiðrétta það. Ávallt er leitast við að ráða þann einstakling sem best uppfyllir hæfniskröfur starfsins enda er þannig stefnt að því að hámarka árangur Sýnar. Fyrirtækið auglýsir flestar lausar stöður einnig á innri vef fyrirtækisins og hvetur þannig til frekari starfsþróunar starfsmanna.

Sýn leggur mikla áherslu á fræðslu, í því skyni að nýta hæfileika starfsmanna sinna til fulls og styrkja þannig samkeppnisstöðu sína. Tryggt er að konur og karlar njóti sömu möguleika til að sækja námskeið sem haldin eru. Kyn starfsmanns skal ekki hafa áhrif á tækifæri til starfsframa, starfsþróunar eða endurmenntunar.

MARKMIÐ	AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	TÍMARAMMI
Laus störf í fyrirtækinu standi opin öllum kynjum.	Öll kyn hvött til að sækja um laus störf.	Mannauðsdeild.	Alltaf.
Jafna kynjahlutfall í deildum þar sem ójafnt kynjahlutfall er í þeirri deild sem ráðið er í.	Hvetja þau kyn sem eru í minnihluta að sækja sérstaklega um. Tekið sérstaklega fram í auglýsingum fyrir viðkomandi starf.	Mannauðsdeild.	Í hvert sinn sem starf er auglýst.
Greina kynjahlutföll í nýráðningum innan fyrirtækisins.	Staða innan deilda markvisst skráð og unnið að úrbótum sé þess þörf.	Mannauðsdeild.	Ársfjórðungslega.
Greina kynjahlutföll við starfsþróun.	Staða innan deilda markvisst skráð og unnið að úrbótum sé þess þörf.	Mannauðsdeild.	Ársfjórðungslega.
Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengilega öllum kynjum.	Greining á sókn kynjanna í sambærilegum störfum endurmenntun og starfsþjálfun.	Fræðslustjóri.	Ársfjórðungslega.





### 3. SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS – 13. GR. JAFNRÉTTISLAGA

Sýn leggur áherslu á að starfsfólk geti náð jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs og eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Í því skyni er lögð áhersla á gagnkvæman sveigjanleika í viðveru og vinnuframlagi eftir því sem verður viðkomið svo fremi sem það skerði ekki þjónustu við viðskiptavini.

Hvað varðar sveigjanleika er starfsfólki heimilt að koma með börnin í vinnuna þegar starfsdagar eða önnur sambærileg frí eru í leik- og grunnskólum. Jafnframt leggur fyrirtækið upp úr því að fjölskyldan sé hluti af menningu vinnustaðarins með fjölbreyttum fjölskylduviðburðum. Félagði hvetur öll kyn til þess að sinna erindum barnanna.

MARKMIÐ	AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	TÍMARAMMI
Öllum kynjum skal sýndur skilningur á samræmi vinnu og einkalífs.	Kannað í vinnustaðagreiningu.	Mannauðsdeild.	Ársfjórðungslega.
Öllum kynjum sé sýndur skilningur ef upp koma veikindi eða aðrir erfiðleikar í einkalífi starfsmanna.	Kannað í vinnustaðagreiningu.	Mannauðsdeild.	Ársfjórðungslega.
Öll kyn skulu eiga jafnan rétt á að nýta fæðingar- og foreldraorlof og skal þeim kynntur sá réttur.	Fræðsla um réttindi starfsfólks í fæðingarorlofi.	Mannauðsdeild.	Ársfjórðungslega.





## 4. KYNBUNDIÐ OFBELDI, KYNBUNDIN ÁREITNI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI - 14. GR. JAFNRÉTTISLAGA

Gagnkvæm virðing er lykilorð í öllum samskiptum hjá Sýn. Við leggjum áherslu á að 14 gr. laga nr. 150/2020 um kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni, sé fylgt, en skv. henni er kynbundin og kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur samskipti, sem eru til þess fallin að valda vanlíðan hjá öðrum ekki liðin. Ef yfirmaður er tilkynntur vegna ætlaðs brots verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starf kæranda og mun næsti yfirmaður taka allar ákvarðanir.

Starfsfólk sem telur sig hafa orðið fyrir slíkri áreitni eru hvattir til að ræða við mannauðsstjóra eða trúnaðarmann til að hægt sé að koma málinu í réttan farveg. Allar ábendingar fara í formlegt ferli.

### MARKMIÐ

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustaðnum.

Tilkynningaferli og viðbragðsáætlun sem byggjast á reglugerð skulu kynntar starfsfólki.

### AÐGERÐ

Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Tryggja áhorf alls starfsfólks á rafræna fræðslu. Vinnustaðagreining.

Fræðsla um tilkynningaferli og viðbragðsáætlun. Tryggja áhorf alls starfsfólks á rafræna fræðslu.

### ÁBYRGÐ

Mannauðsdeild.

Mannauðsdeild.

### TÍMARAMMI

Á UNI nýliðanámskeiði; ársfjórðungslega. Rafræn fræðsla: skyldufræðsla ávallt aðgengileg.

Árlega.

Á UNI nýliðanámskeiði; ársfjórðungslega. Rafræn fræðsla: ávallt aðgengileg.



SPORT





## 5. VIÐHORF TIL JAFNRÉTTISMÁLA

Þær aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið til að stuðla að jafnrétti kynjanna skulu kynntar á vinnustaðnum.

MARKMIÐ	AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	TÍMARAMMI
Aðgerðaáætlun jafnréttismála skal kynnt starfsfólki.	Sýnileg á innri og ytri vef félagsins.  Kynnt á nýliðanámskeiði.	Mannauðsdeild.	Á UNI nýliðanámskeiði; ársfjórðungslega.
Kanna skal viðhorf starfsfólks til jafnréttismála.	Kannað í vinnustaðagreiningu.	Mannauðsdeild.	Árlega.

## 6. EFTIRFYLGNI OG TILLAGA AÐ ENDURBÓTUM

MARKMIÐ	AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	TÍMARAMMI
Jafnréttiráð skal funda hvern mánuð að júlí og desember undanskildum. Nefndin skal koma saman á öðrum tímum ef þörf krefur.	10 fundir á árinu.	Jafnréttisráð.	Árlegt.
Jafnréttisráð gefur árlegt stöðumat varðandi virkni aðgerðaáætlunar.	Skýrsla jafnréttisráðs.	Jafnréttisráð.	Árlega.
Aðgerðaáætlun jafnréttismála uppfærð á grundvelli virkni áætlunarinnar.	Ný aðgerðaáætlun.	Jafnréttisráð.	Lokið tveimur mánuðum áður en gildistími fyrri áætlunar rennur út.